



Ársfundur Pekkingarsetursins á Blönduósi haldinn í Kvennaskólanum á
Blönduósi miðvikudaginn 25. júní kl. 14

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra.
3. Ársreikningar 2013.
4. Umræður um skýrslur og ársreikning.
5. Kosning stjórnar.
6. Önnur mál.

Arnar bauð fundarmenn velkomna á ársfund Pekkingarsetursins, bar fram tillögu um sjálfan sig sem fundarstjóra og Þóru Sverrisdóttur sem ritara og var tillagan samþykkt. Mætt voru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Þóra Sverrisdóttir, Valgarð Hilmarsson, Elín S. Sigurðardóttir, Erla Björk Örnólfsdóttir, Hörður Ríkharðsson og Jónas Sigurgeirsson.

1. Arnar flutti skýrslu formanns. Fyrsta heila starfsár Pekkingarsetursins er að baki og hefur starfsemi þess farið vel af stað. Er á döfinni að nýr samningur verði gerður við ráðuneytið á næstunni til og með ársins 2017. Fjárframlag ráðuneytis var kr. 18.500.000 á árinu 2013. Breytingar voru gerðar á Samþykktum Pekkingarsetursins á ársfundi í maí 2013, var þá skipuð þriggja manna stjórn til eins árs. Uppbygging Textíllistamiðstöðvarinnar hefur gengið vel og hefur sett svip á samfélagið. Allir starfsmenn eru með háskólapróf, stöðugildin eru núna 3,75. Ákvörðun var tekin um að taka þátt í átaksverkefni á sviði ferðamála í A-Hún. Verkefni nýrrar stjórnar verður að tryggja samning við ráðuneytið ásamt því að vinna að áframhaldandi uppbyggingu Pekkingarsetursins. Arnar þakkaði stjórn samstarf á liðnu ári og óskaði öllum góðs gengis. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu Pekkingarsetursins.
2. Katharina flutti skýrslu framkvæmdastjóra. Uppbygging Pekkingarsetursins hefur verið frá grunni. Katharina fór yfir starfsemi Pekkingarsetursins árið 2013, starfsmannahald, fræða- og

- rannsóknarstarfsemi á árinu 2013, samstarf og samþættingu á sviði textíl og önnur verkefni. Skýrsla framkvæmdastjóra verður aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins á Blönduósi. Ljóst er að Þekkingarsetrið hefur nú þegar skapað sér ákveðinn sess á svæðinu, í framhaldinu þarf að þróa stefnu og starfsemi setursins enn betur og finna út hvernig við nýtum okkur og eflum styrkleika svæðisins.
3. Arnar kynnti ársreikning 2013. Rekstrartekjur voru kr. 18.450.000, rekstrargjöld voru kr. 23.008.389. Rekstrarhalli var kr. 4.453.149 en mikill rekstrarafgangur var árið 2012 eða kr. 11.072.468 og því hafði safnast í sjóð enda fór starfsemin ekki í gang fyrr en síðari hluta ársins 2012. Reikningurinn var borinn upp og samþykktur. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.
 4. Nokkrar umræður urðu um skýrslur og ársreikninga og fleira sem tengist starfsemi Þekkingarsetursins og samþættingu þeirra sviða sem undir það heyra. Rætt var um kynningarmál og nauðsyn þess að kynna starfsemina fyrir samfélaginu. Einnig var rætt um að einfalda þurfi umhverfi textílsmalefna á svæðinu. Fyrirspurnum var svarað.
 5. Kosning stjórnar. Fulltrúaráð Þekkingarsetursins er skipað:
Arnar Þór Sævarsson og Erla Ísafold Sigurðardóttir frá Blönduósbæ, Þóra Sverrisdóttir frá Húnavatnshreppi, Erla Björk Örnólfsdóttir frá Háskólanum á Hólum, Valgarður Hilmarsson frá Laxasetri Íslands.
Tilnefning fulltrúa liggur ekki fyrir frá Textílsetri Íslands ses. og Heimilisiðnaðarsafni ses.
Þar sem ekki liggur fyrir með alla fulltrúa í fulltrúaráð er kjöri stjórnar frestað.
 6. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30.

Þóra Sverrisdóttir.